

**8. fundur Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 7. mars 2023
og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH), Krístrún Guðjónsdóttir (KG) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkominn og athugaði hvort athugasemdir voru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fundinn lögmætan.

Dagskrá:

1. Menningarstefna Tálknafjarðarhrepps - 2208089

Tillaga að menningarstefnu Tálknafjarðarhrepps lögð fram til staðfestingar.

Mál frá 7. fundi íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd sem fór fram 07.02.2023.

Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir framlagða tillögu að menningarstefnu sveitarfélagsins og vísar henni til sveitarstjórnar til staðfestingar.

2. Samkomusalir, gjaldskrá - 2303021

Umræður um gjaldskrá vegna útleigu samkomusala í eigu Tálknafjarðarhrepps.

Nefndin telur rétt að kalla forstöðumann Íþróttamiðstöðvar inn á fund hennar í apríl til samráðs vegna vinnu við gjaldskrár fyrir útleigu samkomusala. Nefndin stefnir að því að skila tillögum sínum í maí n.k.

3. Bókasafn Tálknafjarðar, starfsemi 2023 - 2303022

Umræður um starfsemi bókasafns Tálknafjarðar.

Eftir umræður var samþykkt að fá starfsmann Bókasafns Tálknafjarðar og skólustjóra Tálknafjarðarskóla inn á næsta fund nefndarinnar til samtals um málefni safnsins.

4. Íþróttamiðstöð, starfsmannamál 2023 - 2303023

Farið verður yfir stöðu starfsmannamála í Íþróttamiðstöð fyrir árið 2023.

Lagt fram og rætt.

5. Frístundafulltrúi - 2212664

Staða mála vegna ráðningar í starf tómstundafulltrúa Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

Mál frá 7. fundi íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 07.02.2023.

Málið rætt.

6. **Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf, 25. mál - 2303003**

Erindi frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 28.02.2023 þar sem sent er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf, 25. mál.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Magnús Óskar Hálfhásson (MÓH)

Kristrún Guðjónsdóttir (KG)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)